

## Minnisblað minni hlutans um breytingar á almannatryggingum

**Samfylkingin, Vinstrihreyfingin - grænt framboð, Björt framtíð og Píratar lýsa yfir verulegum vonbrigðum með þá leið sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa valið til að hækka greiðslur almannatrygginga. Hún tryggir ekki að greiðslur almannatrygginga fylgi þróun lágmarkslauna og verði 300.000 krónur. Aðeins hluti aldraðra og öryrkja fær hækkanirnar. Eldri borgarar og öryrkjar í sambúð eru skildir eftir og tekjuskerðingar aukast hjá ákveðnum hópum. Um það verður engin sátt.**

Við fjárlagagerðina fyrir árið 2016 lagði minni hlutinn til að aldraðir og öryrkjar fengju kjör sín bætt frá 1. maí líkt og kjarasamningar á almennum markaði gera ráð fyrir. Fordæmi er fyrir því en í kjarasamningum árið 2011 kom hækkan um mitt árið en ekki beðið með hana til áramóta eins og nú er gert. Í dag var tillaga minni hlutans um hækkanir frá 1. maí í ár sem lögð var til við umræðu um fjárukalög felld enn einu sinni af stjórnarflokkunum. **Ljóst er að engin innistæða er fyrir loforði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að láta kjör aldraða og öryrkja ná 300 þúsund krónum.**

### Eldri borgarar

Tillögur ríkisstjórnarinnar eru að hækka ellilífeyri um 7,1% fyrir eldri borgara í sambúð. Sú hækkan er lægri en hækkanir á vinnumarkaði. Heimilisuppbót er hækkuð en hún fer til eldri borgara sem búa einir og þannig ná kjör þeirra 280.000 kr. sem eru lágmarkslaun árið 2017. Þessar breytingar þýða að eldri borgari í sambúð fær 227.883 krónur á mánuði eftir hækkanina en sá sem býr einn fær til viðbótar 52.117 kr. í heimilisuppbót. Í tillögum ríkisstjórnarinnar er skerðingin á heimilisuppbót hækkuð í 56,9%.

**Minni hlutinn leggur til réttlátari leið og hækkar ellilífeyri um 13,4%. Þá fær eldri borgari sem býr með öðrum 241.300 kr. á mánuði eða um **13.400 kr. meira á mánuði** miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar. Eldri borgari sem býr einn fær 280.000 kr. eins og í tillögum ríkisstjórnarinnar en hlutur heimilisuppbótarinnar í þeirri greiðslu er minni og skerðingu á henni er haldið óbreyttri eða 52,5%. **Leið minni hlutans veldur mun minni skerðingu vegna tekna hjá eldri borgurum sem búa einir en leið ríkisstjórnarinnar vegna þess að heimilisuppbótin er lægri og eldri borgarar í sambúð fá hærri greiðslur.****

### Öryrkjar

Tillögur ríkisstjórnarinnar eru að hækka lífeyri um 7,1% fyrir öryrkja sem eru í sambúð en fyrir þá sem búa einir er lögð áhersla á hækkan framfærsluuppbótar til ná 280.000 kr. markinu. Það þýðir að öryrki sem býr með öðrum fær 227.883 krónur á mánuði. Öryrki sem býr einn fær meira eða 280.000 kr. á mánuði en skerðingar hans vegna annarra tekna aukast því sértaka framfærsluuppbótin fær hlutfallslega meira vægi í heildargreiðslum með þeirri leið sem valin er til hækkanar. Sérstaka framfærsluuppbótin skerðist krónu á móti krónu með og tillögur ríkisstjórnarinnar auka vægi þessara ósanngjörnu skerðinga sem samstaða hefur verið um draga úr í almannatryggingakerfinu.

**Minni hlutinn leggur til réttlátari leið og hækkar lífeyri öryrkja um 13,4%. Þá fær öryrki sem býr með öðrum 241.300 kr. á mánuði eða um **13.400 kr. meira á mánuði** miðað við tillögur**

ríkisstjórnarinnar. Öryrki sem býr einn fær 280.000 kr. eins og í tillögum ríkisstjórnarinnar en allir bótaflokkar hækka um 13,4% og króna á móti krónu skerðingar aukast því ekki með þessari leið og fólk fær því fleiri krónur í vasann. **Þannig veldur leið minni hlutans mun minni skerðingu vegna tekna hjá öryrkjum sem búa einir en leið ríkisstjórnarinnar og öryrkjar í sambúð fá hærri greiðslur.**

Tillögur minni hlutans eru réttlátari og eðlilegri leið til að hækka greiðslur almannatrygginga. Ríkisstjórnin ætlar sér að ná fram sparnaði með því að hækka þá sem búa með öðrum hlutfallslega minna og ná síðan 280.000 kr. markinu fyrir þá sem búa einir með því að auka skerðingar. Þannig er í raun verið að innleiða sambúðarskatt á lífeyrisþega og auka skerðingarhlutföllin hjá þeim sem búa einir. Þessi munur mun síðan aukast enn meira árið 2018. Þetta er ósanngjörn leið sem grefur undan trausti og samstöðu um gott almannatryggingakerfi.

## Tillögur minni hlutans

*Eldri borgari sem býr með öðrum*

Ellilífeyrir **241.300 kr.**

*Eldri borgari sem býr einn*

Ellilífeyrir 241.300 kr.

Heimilisuppbót\* 38.700 kr.

**280.000 kr.**

\*Tekjur skerða heimilisuppbót um 52,5%

## Tillögur ríkisstjórnarinnar

*Eldri borgari sem býr með öðrum*

Ellilífeyrir **227.883 kr.**

*Eldri borgari sem býr með öðrum*

Ellilífeyrir 227.883 kr.

Heimilisuppbót\* 52.117 kr.

**280.000 kr.**

\*Tekjur skerða heimilisuppbót um 56,9%

*Öryrki frá 18 ára aldri sem býr með öðrum*

Lífeyrir 235.165 kr.

Framfærsluuppbót\* 6.135 kr.

**241.300 kr.**

*Öryrki frá 18 ára aldri sem býr með öðrum*

Lífeyrir 222.009 kr.

Framfærsluuppbót\* 5.874 kr.

**227.883 kr.**

*Öryrki frá 18 ára aldri sem býr einn*

Lífeyrir 235.165 kr.

Heimilisuppbót 42.039 kr.

Framfærsluuppbót\* 2.796 kr.

**280.000 kr.**

*Öryrki frá 18 ára aldri sem býr einn*

Lífeyrir 222.009 kr.

Heimilisuppbót 39.073 kr.

Framfærsluuppbót\* 18.918 kr.

**280.000 kr.**

\*Tekjur skerða framfærsluuppbót um krónu á móti krónu